

Föstudaginn 20. maí 1994.

Nr. 221/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Bernard Granotier

(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Garðar Gíslason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms 13. maí 1994. Kærumálgögn bárust Hæstarétti 16. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili sætir nú gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á ætlaðri íkveikju á annarri hæð hússins nr. 12 við Álfabakka í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 23. apríl sl. Hann hefur í engu viljað tjá sig um málsatvik. Með hliðsjón af ofangreindum atburði og gögnum máls þykir rétt, að fram fari rannsókn á geðheilbrigði varnaraðila, sbr. d-lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 1994.

Ár 1994, föstudaginn 13. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess að Bernard Granotier, kt. 030746-2289, Asparfelli 2, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á meintri íkveikju í

húsnæði Bahái trúfélagsins á 2. hæð hússins nr. 12 við Álfabakka hér í borg, en eldur kom upp í húsnæðinu aðfaranótt laugardagsins 23. apríl sl. Er niðurstaða lögreglurannsóknar varðandi eldsupptök sú að eldur hafi verið kveiktur á fjórum stöðum í húsnæðinu. Engin ummerki innbrots voru á vettvangi, en dyr að húsnæðinu á 2. hæð voru læstar er slökkvilið kom á vettvang. Á vegg í húsnæðinu höfðu verið máluð með málningarúðabrúsa tákn og orð.

Við rannsókn málsins vaknaði grunur um aðild kærða, sem er franskur ríkisborgari og félagi í trúfélagi Bahá'ía, að íkveikju þessari. Leiddi það til þess að þann 28. f.m. var kærði handtekinn og daginn eftir var honum að kröfu RLR gert að sæta gæsluvarðhaldi til 20. þ.m. Dómari hafnaði hins vegar að svo stöddu kröfu um, að kærða yrði gert að gangast undir geðrannsókn.

Kærði, sem hefur verið virkur félagi í trúfélaginu, hafði að undanfögnu unnið að undirbúningi ársþings trúfélagsins, sem halda átti dagana 23. og 24. apríl sl., og hafði af þeirri ástæðu fengið lykla að húsnæðinu. Við leit á heimili hans fundust handskrifuð blöð, sem á voru rituð sams konar tákn og máluð voru á vegg á brunavettvangi. Einnig fannst staðgreiðslukvittun úr byggingavöruverslun vegna kaupa á málningarbrúsa, dagsett 22. apríl sl. Fram hefur komið við rannsókn málsins að kærði, sem hefur verið hér á landi síðan 1992, hafi ætlað að kvænast íslenskri konu, sem einnig er félagi í trúfélaginu, en hún slitið sambandinu í byrjun apríl sl. Hafi kærði tekið því afar þunglega. Fjölskyldu konunnar og sameiginlegum kunningjum þeirra höfðu dagana fyrir eldsvoðann borist bréf, sem viðtakendur hafa talið að send séu af kærða. Á bréf þessi, sem eru vélrituð, hafa verið handskrifuð tákn með sama hætti og máluð voru á vegg á brunavettvangi.

Kærði hefur til þessa verið með öllu ófáanlegur að tjá sig um sakarefnið og mótmælir kröfunni um geðrannsókn.

Eins og rannsóknargögn málsins bera með sér er kærði undir rökstuddum grun um að vera valdur að framangreindum eldsvoða sem og að hafa ritað bréf þau, sem áður er að vikið, en með því kann kærði að hafa brotið gegn 2. mgr. 164. gr. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er meðal gagna málsins norskur dómur yfir kærða frá árinu 1987, þar sem hann var fundinn sekur um brot gegn ákvæðum þarlendra hegningarlaga, en ekki gerð refsing sökum geðveiki. Var ákærvaldinu veitt heimild til að grípa til öryggisaðgerða gagnvart kærða í 10 ár. Þegar framanritað er virt þykir ástæða til að draga í efa sakhæfi kærða, sbr. 15. gr. hgl., eða hvort refsing muni bera árangur, sbr. 16. gr. hgl. Ber því með vísan til d-liðar 1. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991 að ákveða að kærði skuli sæta geðrannsókn.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Bernard Granotier, sæti geðrannsókn.
